

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um bótasvik í almannatryggingakerfinu.

Frá Þorsteini Magnússyni.

1. Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að stemma stigu við bótasvikum í almannatryggingakerfinu, m.a. með hliðsjón af ábendingum Ríkisendurskoðunar til velferðarráðuneytisins sem raktar eru í skýrslu til Alþingis frá því í febrúar sl.?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagabreytingum sem styrki eftirlitsheimildir Tryggingastofnunar og tryggi aðgengi hennar að upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að leggja mat á möguleg bótasvik?
3. Kemur að mati ráðherra til greina að auka heimildir Tryggingastofnunar til að beita stjórnsluviðurlögum í bótasvikamálum?

Skriflegt svar óskast.